

Sportsjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Styrkur 2010.



Snæfellsbær!

Námskrá í átthagafræði

Verkefnisstjóri:

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs:

Nafn skóla:

Grunnskóli Snæfellsbæjar, leikskólinn Kríuból og leikskólinn Krílakot

Nafn verkefnisins:

„Námskrá í áttthagafræði Snæfellsbæjar“

Nafn verkefnisstjóra:

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Markmið

Markmið verkefnisins voru:

- Búa til sýnilega námskrá í "Áttthagafræði" í skólum Snæfellsbæjar
- Auka fjölbreytni í kennsluháttum, í formi upplýsingaleitar, reynslu og upplifunar, allt frá 2ja til 16 ára aldurs.
- Auka samstarf skólastofnana Snæfellsbæjar
- Auka flæði milli skólastiga í Snæfellsbæ

Í kjölfar þess að umsókn um styrk var samþykkt var hafist handa við vinnuna í samræmi við verkáætlun. Í janúar kom svo í ljós að Tónlistarskóli Snæfellsbæjar treysti sér ekki til að stíga jafn ákveðin skref í námskránni og Grunnskóli Snæfellsbæjar og leikskólarnir. Á fundi verkefnastjórnar í lok janúar var því ákveðið að Tónlistarskóli Snæfellsbæjar yrði „til hliðar“ við verkefnið en hinir skólarnir gætu gert ráð fyrir samstarfi þegar þeir óskuðu. Tók verkefnisstjóri við þeim atriðum sem sett voru upp á ábyrgð skólastjóra Tónlistarskólans.

Gangur verkefnis (leiðir að markmiðum og frávik miðað við áætlun)

Verkefnið fór í fullan gang í samræmi við verkáætlun frá janúar 2010. Strax í upphafi var ljóst að mikill áhugi var í öllum skólunum fyrir verkefninu og á meðal bæjaryfirvalda sem auðveldaði mjög vinnuna. Ákveðið var að reyna að flýta verkefninu þannig að hafin yrði markviss kennsla samkvæmt upphaflegum drögum strax á haustönn og byrja strax að „tilraunakenna“ samkvæmt henni.

Þetta þýddi eilítlar breytingar á tímaáætlun. Stefnukort og skorkort voru unnin hraðar en ráð var gert fyrir og námskrárvinnan sjálf hófst strax í febrúar með stórum fundi áttthagafræðiteyma skólanna allra. Í

kjölfarið var svo fenginn fyrirlesari til að kynna nánar nám í áttthagafræði almennt og til að aðstoða við samþættingu greinarinnar við aðrar námsgreinar.

Á sama hátt og með fyrri verkefni var hraðar gengið til verka en reiknað var með í upphafi og lágu fyrstu drög að námskrá strax í mars og í kjölfar vinnu í skólunum öllum var námskráin tilbúin í júníbyrjun 2010.

Við upphaf skólastarfs að loknum sumarfríum skólanna hófst svo kennslan samkvæmt námskránni. Ákveðið var að bíða með að sækja ráðgjöf um verkefnaöppur. Kom þar bæði til að styrkur frá Sprotasjóði var lægri en sótt var um og því erfitt að fá fjármagn til ráðgjafar, en ekki síður það að námskráin var í raun mun stærri og verkefnin fleiri en lagt var upp með við upphaf verkefnisins svo að heillavænlegra þótti að einbeita sér að innleiðingu námskrárinnar og því að festa „Áætlun um upplifun í Snæfellsbæ“ í sessi í skólunum þremur.

Námskráin hefur nú verið í gildi í fjóra mánuði og fyrstu merki um kennslu áttthagafræðinnar eru afar góð. Þó er ljóst að þessa námskrá, eins og aðrar, þarf að uppfæra reglulega og því er ljóst að skólarnir munu auðvitað halda samvinnu sinni í málaflokknum áfram þó að Sprotasjóður komi ekki að framhaldinu.

Frávikin tóku mið af því að upphafleg fjárhagsáætlun hljómaði upp á 1 milljón í styrk, en við það að úthlutuð upphæð varð 700 þúsund krónur varð að endurskoða kostnaðarliðinn. Svo fór að lokum að ákveðið var að sleppa ráðgjöf um verköppur sem töluverður kostnaður var áætlaður og síðan var ákveðið að Tónlistarskólinn yrði „til hliðar“ við verkefnið og launakostnaður sem áætlaður var þeim því lítill. Eina hindrun verkefnisins var einmitt fjármagnsliðurinn, það er ekki einfalt að sinna þróunarstarfi í „niðurskurðarástandi“.

Á jákvæðu frávikshliðinni var svo það að jákvæðni starfsfólks, nemenda og forráðamanna var langt umfram væntingar verkefnisstjórnar, svo að hlutir unnust fyrr en reiknað var með svo að hægt var að byrja á fullum krafti strax við upphaf haustannar.

Ávinningur

Ávinningur verkefnisins er mat verkefnisstjóra að sé mjög mikill. Ljóst er að með samstarfi skólanna við þetta verkefni hafa samskiptin aukist verulega þeirra á milli og þar sem ljóst er að verkefnið á að vera samstarfsverkefni skólanna til framtíðar er það samstarf komið til að vera.

Námskráin, sem fylgir með lokaskýrslunni, er ein og sér mikill ávinningur. Mikil vinna hefur farið fram innan skólanna að finna út mikilvæga þætti heimabyggðarinnar fyrir nemendur að kunna skil á við lok skólagöngu sinnar í bæjarfélaginu.

Frá hausti hefur svo sjálft námið verið í forgrunni. Á þar bæði við ákveðin verkefni með upplifun, sem og nám í „hefðbundnum“ stíl, þ.e. með bóknámi og verkefnaskilum. Á næstu mánuðum verður svo haldið áfram að vinna að áttthagafræðiverkefnum og stefnt er að því að að allir nemendur í leik- og grunnskólum Snæfellsbæjar fái nám sitt í áttthagafræði formlega metið. Tilfinningin sem verkefnastjórn hefur er að nemendur hafi meira gaman af þessum verkefnum en flestum öðrum sem þau vinna í skólanum, en stefnt er að því að meta það formlega með viðhorfskönnun vorið 2011.

Mat á verkefninu og niðurstöður.

Það er alveg ljóst að verkefnið hefur skilað miklu í umræðum um skólastarf, bæði innan skólanna og í samfélaginu. Jákvæðni fyrir verkefninu metur verkefnastjóri afar mikla.

Það hefur án vafa áhrif á skólastarfið í heild og stefnt er að því að sækja enn frekar eftir samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga í Snæfellsbæ í framtíðinni og gera nám í áttthagafræði einn öflugasta merkisbera skólanna allra.

Mat verkefnisstjóra er að öll fyrrnefnd markmið hafi klárlega náðst í vinnu verkefnisins. Meðfylgjandi lokaskýrslunni er hin sýnilega námskrá, nú þegar hefur verkefnið aukið fjölbreytni í skólastarfi og stefnt er að frekari landvinningum. Samstarf milli skólanna hefur aukist og þegar eru komnar hugmyndir að „flæðilínunum“ milli skólanna. Ákveðið flæði kemur með hugmyndum að verkefnum en stefnt er að nánari útfærslu þess flæðis.

Skorkort sem fylgir með lokaskýrslunni verður virkjað á árinu 2011 ásamt stefnukortinu og með útgáfu þeirra hefur mælitæki á árangur áttthagafræðináms og samvinnu skólastiga verið búið til.

Algerlega er ljóst að verkefnið heldur áfram innan skólanna.

Áætlun á kynningu

Afriti af þessari lokaskýrslu, ásamt fylgiskjöllum, verður skilað til skólanefndar á fyrsta fundi hennar á almanaksárinu 2011. Strax í kjölfarið verður námskráin birt á veraldarvefnum.

Nú þegar er töluverð vitneskja um verkefnið hjá forráðamönnum og íbúum Snæfellsbæjar en stefnt er að formlegri kynningu vorið 2011, þar sem farið verður yfir afrakstur fyrsta vetrarins í formlegu áttthagafræðinámi og næstu skref kynnt.

Fyrir hönd Grunnskóla Snæfellsbæjar og leikskóla í Snæfellsbæ,

Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar

Verkefnisstjóri „Námskrá í áttthagafræði í skólum Snæfellsbæjar.“